

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Guanfacine (Intuniv®)

ATC flokkur: C02AC02 – gúanfacín

Dagsetning: október 2020

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) ICD-10 F90.0 eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.

og

- Meðferð með örvandi ADHD lyfjum hentar ekki eða meðferð með þeim hafi reynst ófullnægjandi eða er ekki valkostur vegna frábendinga og/eða aukaverkana.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23317/ADHD%20lokaútgáfa_2014.pdf af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD.

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingageðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga.

Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, rannsóknir, greiningartæki, hvornig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum.

Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf þarf rök fyrir þeirri notkun. Í ofangreindum tilfellum getur lyfjagæild Sí óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Gildistími:

3 ár